

Nd.

752. Nefndarálit

[202. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 10. maí 1969, um breyt. á l. nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumv. þetta, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Leggur undirritaður til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem lög þau, sem hér um ræðir, gilda aðeins til loka þessa árs og heildarendurskoðun laga, sem fjalla um nýtingu fiskveiðilögsögunnar og landgrunnins, mun hefjast á næstunni, er erfitt að sjá nauðsyn þessarar takmörkuðu breytingar nú þegar og að skaði vegna umræddra veiðarfæra eigi sér aðeins stað í Faxaflóa, en ekki annars staðar, þar sem notkun slíkra veiðarfæra er leyfð innan 12 mílna. Þetta frv. mun á engan hátt auðvelda þá heildarendurskoðun, sem fram þarf að fara, heldur torvelda hana og skapa erfiðleika. Skoðanir flutningsmanna ganga einnig í berhöggi við skoðanir vísindamanna okkar og greiða á engan hátt götu skynsamlegra samþykktu um verndun og nýtingu fiskveiðilögsögu okkar. Tekur deildin því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 31. marz 1971.

Pétur Sigurðsson.

Fylgiskjal.

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Reykjavík, 16. febrúar 1971.

Sjávarútvegsnefnd efri deildar Alþingis,
Alþingishúsinu,
Reykjavík.

Ég leyfi mér að vísa í bréf yðar, dags. 11. febr. s. l., þar sem beiðzt er um-sagnar Hafrannsóknastofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 21 10. maí 1969, um breytingu á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, 202. mál.

Sú þróun í ýsueiðinni hér við land, sem gerð er að umtalsefni í greinargerð fyrir frumvarpinu, er vel þekkt og kemur fram á mynd 1, er sýnir ýsueiðina á Íslandsmiðum síðan 1924.

Á þessari mynd er sýnd ýsueiði Íslendinga, Breta svo og heildarveiðin, en á töflu 1 er sýnd árleg veiði allra þjóða, er stunduðu ýsueiðar hér við land á árunum 1946—1969.

Fyrstu árin eftir lok síðustu heimsstyrjaldar jókst ýsuaflinn mjög samfara aukinni sókn. Þessi þróun náði hámarki árið 1949, en eftir það snarféll aflinn og komst í lágmark árið 1952. Úr því jókst aflinn ár frá ári og náði algeru hámarki árið 1962, er hann komst upp í 120 þúsund tonn, eða tvöfalt það aflamagn, er mest varð á milli heimsstyrjaldanna tveggja.

Fiskifræðingar eru sammála um, að aukning ýsuaflans á árunum 1952—1962 megi þakka útfærslu landhelginnar 1952 svo og aukinni möskvastærð i botnvörpu og dragnót, er komst á um líkt leyti. Samhliða hinni auknu friðun, er stofninn varð þá aðnjótandi, komu einmitt í gagnið tveir mjög sterkir árgangar, sem nýttust mun betur en áður, eins og vikið mun að síðar.

Eftir 1962 hefur heildarýsuveiðin við Ísland farið minnkandi ár frá ári, og var hún komin niður í tæp 47 þúsund tonn árið 1969.

Þróunin í ýsuveiði Breta og Íslendinga hefur verið mjög lík; þó hefur dregið meira úr veiði Breta, m. a. vegna mun minni sóknar af þeirra hálfu seinustu árin.

Litlar upplýsingar eru til um afla á sóknareiningu að því er snertir íslensku bátaveiðina, en ýsuaflí íslensku togaranna (tonn á milljón tonntogtíma) var sem hér segir:

Ár	Tonn/millj.tonntíma	Ár	Tonn/millj.tonntíma
1960	221	1965	214
1961	212	1966	173
1962	274	1967	195
1963	223	1968	166
1964	227	1969	166

Ýsuaflí togaranna á árunum 1965—1969 var frá 16% upp í 22% af heildarýsuafli okkar á þessu tímabili og gefur því nokkuð góða mynd af sveiflum í stofnstærð ýsunnar þessi árin.

Á tímabilinu 1960—1969 var hlutur okkar í heildarýsuaflanum hér við land 54%, en á árunum 1967—1969 var hann kominn upp í rúm 67%, og munar þar mest um minnkun í afla brezkra togara.

Á töflu 2 er sýndur hlutur dragnótarveiðarinnar í heildarýsuveiðinni svo og í ýsuveiði Íslendinga hér við land á árunum 1960—1969. Á árunum 1961—1966 var hlutur dragnótarinnar í heildarýsuveiðinni frá 6.3% upp í 8.3%, en féll síðan og árið 1969 var hann aðeins 2% af heildarýsuveiðinni. Sama þróun kemur einnig fram sé miðað við ýsuveiði Íslendinga, og varð hlutur dragnótarinnar mestur árið 1962, er hann komst upp í 18.3%. Árið 1969 var hlutur dragnótarinnar í ýsuafla okkar einungis 2.6%.

Á töflunni er einnig sýndur fjöldi veiðiferða á dragnót á hverju ári, og hefur veiðiferðum fækkað að mun síðan 1965, en það ár náðu þær hámarki, er farnar voru 6800 veiðiferðir.

Að því er snertir dragnótarveiðina í Faxaflóa sérstaklega, þá var heildarafli þeirra báta, er veiðar stunduðu frá Faxaflóahöfnum, 4923 tonn árið 1960. Tveimur árum síðar, eða árið 1962, komst aflinn í 10 539 tonn, en var svo nokkuð jafn fram til ársins 1966 milli 6500 og 8000 tonn á ári. Eftir það fór afli dragnótarbáta í Faxaflóa ört minnkandi og stafaði það sumpart af minni sókn. Aflinn varð minnstur árið 1968 eða 684 tonn, en varð 1395 tonn árið 1969.

Tölur um afla dragnótarbáta árið 1970 eru ekki enn þá tiltækar, en ekki er talið, að aflinn sé frábrugðinn því, sem var árin tvö á undan, en meðaltal þeirra er um 1080 tonn.

Þátttakan í dragnótarveiðum í Faxaflóa hefur einnig minnkað á undanförunum árum; árið 1964 voru gerðir út 32 bátar frá Faxaflóahöfnum á dragnót, 17 árið 1967 og 10 árið 1969. Meðalafli á bát á tímabilinu 1964—1967 var nokkuð jafn, eða 234—254 tonn, en árið 1968 var hann 114 tonn og 140 tonn árið 1969.

Hlutur einstakra tegunda í heildaraflanum hefur verið nokkuð jafn. Árin 1960—68 voru 42% af afla dragnótarbáta við Faxaflóa ýsa, 33% þorskur, 19% skar-kolí, afgangurinn ýmsar aðrar tegundir.

Aldurs- og lengdardreifing þess fisks, sem veiðist í dragnót er yfirleitt sú sama og fæst í önnur veiðarfæri á sama stað og tíma.

Bein áhrif dragnótarveiðinnar í Faxaflóa á ýsu-, þorsk- og skarkolastofnana hljóta að vera mjög óveruleg síðustu tvö árin, þar sem veiði þessara tegunda í dragnót var aðeins um 1000 tonn að meðaltali á ári, eða innan við 1% af heildarveiði þessara fiskstofna.

Á hinn bóginn er ekki útilokað, að um einhver bein og staðbundin áhrif hafi getað verið að ræða, þegar hvað mest aflaðist með dragnót í Faxaflóa, en hvort fiskur er drepinn í veiðarfæri a eða b, er í rauninni ekki liffræðilegt vandamál; eigi að skipta ákveðnum stofni milli einstakra veiðarfæra, þá er það þjóðhagslegt vandamál, þar sem m. a. kemur til greina framleiðni hinna einstöku veiðiaðferða.

Á 2. mynd er sýnt framlag hinna einstöku árganga í heildarýsuveiðinni á Íslandsmiðum á árunum 1956—1969.

Hæð súlnanna gefur til kynna, hve margar milljónir fiska úr viðkomandi árgangi hafa aflazt á aldrinum 4—6 ára. Á myndinni er sýnd ársveiði Íslendinga af ýsu, svo og heildarveiðin, og er árangurinn horinn saman við veiðina fimm árum eftir fæðingu.

Myndin sýnir glögglega, að miklar sveiflur eru í stærð hinna einstöku árganga og að þessar sveiflur ráða mestu um breytingar á aflamagni. Mismunur á bezta og lélegasta árganginum á því tímabili, sem hér um ræðir, er 1:12. Úr hinum 13 árgöngum, sem hér eiga hlut að máli, fengust samtals 406 milljónir fiska á aldrinum 4—6 ára, en af þeim voru 176 milljónir af árgöngunum frá 1956—1957. Síðan hafa aðeins komið tveir árgangar, sem eitthvert gagn er í, nefnilega árgangarnir frá 1960 og 1964, sem þó eru hálfdrættingar á við þá fyrstnefndu.

Orsök minnkandi ýsuveiði undanfarin ár virðist því aðallega vera lélegt klak á árunum 1958—1959 og 1961—1963.

Í rauninni er mjög vafasamt að bera veiðina í dag saman við það, sem hún varð á árunum 1961—1965, þar sem sú veiði byggðist svo til eingöngu á tveimur afburðasterkum árgöngum, sem ekki er hægt að reikna með venjulega.

Samanburður á ýsuveiði okkar í dag við það, sem hún var áður, sýnir eftirfarandi:

Á árunum 1966—1969 sveiflaðist aflinn milli 34—38 þúsund tonna, og var meðal-aflinn á því tímabili tæplega sex sinnum meiri en á árunum 1930—1939; 0.5 af því, sem hann var á árunum 1961—1965, og 1.5 sinnum meiri en á árunum 1946—1959.

Þessar sveiflur eru innan þeirra marka, er náttúran sjálf ákveður um stærð hinna einstöku árganga.


Sú þróun í veiði Akranesbáta, sem prentuð er sem fylgiskjal með frumvarpinu, er í samræmi við þá heildarþróun ýsuveiðanna, sem hér hefur verið lýst, þó að vísu sé hér einungis um að ræða 0.5% af ýsuafli Íslendinga á umræddu árabili og 0.3% af heildarýsuafnanum.


Hér virðist því ekki vera um að ræða staðbundið fyrirbrigði, sem hægt er að skýra með notkun ákveðinna veiðarfæra, heldur er hér um að kenna sveiflum í náttúrunni, er við ráðum ekki við.

Virðingarfyllt,

Jón Jónsson.

Mynd 1. Ýsuveiðin á Íslandsmiðum





**Tafla 1. Ýsuveiðin á Íslandsmiðum.
Þús. tonn (óslægður).**

Ár	Ísland	England	Þýskaland	Færeyjar	Skotland	Frakkland	Noregur	Holland	Belgía	Danmörk	Svþjóð	Samtals
1946	14 120	12 078	4 601	150	1 679	-	-	45	472	-	-	33 145
1947	18 601	14 901	3 762	150	2 246	-	-	-	2 019	-	-	41 679
1948	24 862	23 610	7 553	150	2 907	-	-	350	1 314	57	21	60 824
1949	30 264	28 683	10 499	150	3 960	-	-	-	2 120	96	170	75 951
1950	27 099	26 886	7 300	150	2 271	-	-	759	1 640	603	41	66 749
1951	22 173	21 576	7 326	150	1 365	-	-	220	2 857	362	-	56 029
1952	15 166	18 571	7 734	168	660	-	-	41	4 063	84	-	46 487
1953	14 954	28 268	6 384	219	708	-	-	-	4 295	-	-	54 828
1954	21 322	28 872	6 133	435	611	-	-	89	5 187	3	-	62 652
1955	21 703	27 936	7 153	359	683	-	-	-	7 105	6	-	64 945
1956	22 054	23 748	8 750	610	980	-	-	-	6 147	-	-	62 289
1957	31 302	28 663	7 796	1 168	1 137	-	-	29	6 631	-	-	76 726
1958	28 624	27 483	6 311	1 376	966	-	-	-	5 738	-	Sovétríkin	70 498
1959	26 534	30 002	3 794	1 025	811	-	-	-	2 412	-	-	64 578
1960	41 988	31 803	6 238	1 330	936	-	-	-	5 198	-	-	87 493
1961	51 360	47 164	4 067	770	2 314	125	-	49	4 237	-	-	110 086
1962	54 288	51 862	3 965	919	4 024	164	-	204	4 189	-	-	119 615
1963	51 834	39 538	3 064	2 108	3 818	-	-	198	1 884	-	-	102 444
1964	56 586	33 269	2 077	1 200	4 877	-	-	181	857	-	-	99 047
1965	53 506	37 643	1 753	1 006	3 761	-	40	89	1 235	-	-	99 033
1966	36 028	19 706	1 139	968	1 498	10	-	6	676	-	69	60 100
1967	37 997	17 409	1 517	484	1 011	916	-	-	897	-	194	60 425
1968	34 014	11 906	2 558	277	1 358	6	-	-	1 073	-	-	51 192
1969	35 036	7 806	1 626	20	1 138	-	-	26	961	-	-	46 613

Tafla 2. Ýsuveiðin við Ísland á árunum 1961—1969.
(Tonn upp úr sjó).

	Alls	Ísland	Dragnótarveiðin			
			Alls	% heild	% í veiði Íslendinga	Fjöldi sjóferða
1960	87 493	41 988	3 323	3.8	7.9	
1961	110 086	51 360	7 375	6.7	14.2	6 567
1962	119 615	54 288	9 956	8.3	18.3	6 223
1963	102 444	51 834	6 469	6.3	12.5	4 786
1964	99 047	56 586	7 012	7.1	12.4	4 870
1965	99 033	53 506	6 875	6.9	12.8	6 841
1966	60 100	36 028	4 603	7.7	12.8	4 734
1967	60 425	37 997	2 523	4.2	6.6	2 635
1968	51 192	34 014	492	1.0	1.4	1 593
1969	46 613	35 036	917	2.0	2.6	2 647